

**Nd.**

**32. Frumvarp til laga**

**[32. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á brotajárni.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að banna útflutning úr landinu á brotajárni svo og járnskipum, sem ætluð eru til niðurrifs.

**2. gr.**

Brot gegn banni samkv. 1. gr. varða sektum frá 1000—100000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Ólöglega útflutt brotajárn skal gert upptækt og andvirði þess renna í ríkissjóð.

**3. gr.**

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Flutningsmenn þessa frumvarps hafa lagt fram í sameinuðu Alþingi tillögu til þingsályktunar um rannsókn á hagnýtingu brotajárns með það fyrir augum, að komið verði á fót fyrirtæki, er framleitt gæti úr því steypustyrktarjárn o. fl. Telja flm. eðlilegt, að ekki verði leyft að selja brotajárn úr landi, meðan sú athugun fer fram. Þess vegna er frv. flutt. — Að öðru leyti vísast til greinargerðar með fyrrgreindri þingsályktunartillögu, sem prentuð er á þingskjali 31.